

Íslenskur Toppkörfubolti

Nafn félags, heimili og tilgangur

1.gr. Nafn félagsins er Íslenskur ToppKörfubolti (ÍTK).

2. gr. Heimili félagsins er Fornubúðir 5, 220 Hafnarfjörður.

Tilgangur félagsins

3. gr. Tilgangur félagsins

- 1) Vinna að framgangi, vexti og viðgangi íslensks körfubolta. Bæði með því að styðja sérstaklega við körfuknattleiksdeildir íþróttafélaga en einnig vinna að annarri hagsmunabaráttu eftir því sem við á.
- 2) Efla samtakamátt meðal körfuboltadeilda félaga hér á landi.
- 3) Verða viðurkennt af Körfuknattleikssambandi Íslands sem hagsmunasamtök efstu deildar félaga í körfubolta á Íslandi.
- 4) Berjast fyrir auknu fjármagni til félaga með því að stuðla að því að hámarka tekjur af sjónvarps-, markaðs-, gagna og veðmálaréttindum og vinna að því að betur sé hlúð að íslenskum körfubolta í gegnum fjármagn frá hinu opinbera.

4. gr. Félagið verður óhagnaðardrifið í eðli sínu og mun leitast við að halda kostnaði við rekstur þess í lágmarki svo sameiginlegir fjármunir félaga nýtist félögunum sjálfum sem best.

5. gr. Öll félög sem eiga lið í úrvalsdeild karla og/eða kvenna í upphafi hvers tímabils eiga rétt á aðild að ÍTK. Hvert félag hefur eitt atkvæði á aðalfundi nema ef það er með lið í bæði úrvalsdeild karla og kvenna. Þá hefur félagið tvö atkvæði. Félög með lið í 1. deild geta öðlast sjálfkrafa aðild að samtökunum kjósi þau það. Sú aðild verður þó þeim annmörkum háð að þau hafi ekki atkvæðisrétt þegar kosið er um mál og samþykktir samtakanna. Þau hafi hins vegar tillögurétt og seturétt á aðalfundi samtakanna.

Stjórn félagsins

6. gr. Stjórn félagsins skal skipuð 5 stjórnarmönnum og tveimur varamönnum og skulu þeir kosnir á aðalfundi. Stjórn skal skipta með sér verkum. Formaður skal kosinn á fyrsta fundi stjórnar.

7. gr. Framboð til stjórnar þarf að berast með minnst eins vikna fyrirvara fyrir aðalfund hvers árs.

Starfstímabil

8. gr. Starfstímabil félagsins er á milli aðalfunda.

Aðalfundur

9.gr. Aðalfund skal halda eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Miða skal við að halda aðalfund í september rétt fyrir byrjun hvers tímabils. Stjórn ÍTK skal boða til aðalfundar með tölvupósti með

minnst tveggja vikna fyrirvara. Ætíð skal boða stjórnarmenn ÍTK á aðalfundinn hvort sem þeir eru fulltrúar félags eða ekki. Auk þess er stjórn ÍTK heimilt að bjóða til aðalfundar gestum sem ávarpa mega fundinn. Fjöldi fulltrúa hvers félags á aðalfundi skal vera jafn atkvæðamagni viðkomandi félags sem kveðið er á um í 5. gr. hér að ofan. Einungis fulltrúar félaganna mega greiða atkvæði á aðalfundum í samræmi við atkvæðamagn hvers félags. Allar tillögur til aðalfundar þurfa að berast skriflega a.m.k. viku fyrir boðaðan aðalfund.

Gildistaka

10. gr. Gildistaka

- 1) Samþykktir þessar öðlast gildi frá og með stofnun félagsins.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi.

Dagsetning: 23.08.2024

Hér koma eiginhandarundirritanir allra stjórnarmanna (og varamanna ef eru kosnir) .

Nöfn og kennitölur.